

Síldarvinnslan hf - Seyðisfirði
Strandarvegi 1-11
710 Seyðisfjörður

Reykjavík 7. júní 2019
UST201807-154/F.T.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. nóvember sl. þar sem stofnunin féllst á úrbótaáætlun rekstraraðila varðandi frávik sem skráð voru í eftirliti dags. 26. september 2017. Þann 29. maí sl. barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila þar sem óskað var eftir breytingu á tímasetningu úrbótaáætlunar.

Frávikið er erindið varðar er eftirfarandi:

1. **Gr. 2.9 í starfsleyfi.** Ryk í útblæstri frá olfubrennurum mældist yfir mörkum skv. skýrslu Verkís í júní 2015. Frestur var veittur til 1. júlí 2019 til þess að skila endurtekinni mælingu á ryki frá útblæstri. Skv. rekstraraðila eru líkur eru á því að verksmiðjunni berist ekki hráefni fyrr en seinni hluta nóvember eða fyrri hluta desember en þá ætti að vera búið að skipta um olíu í birgðageymi. Ætlun söluaðila olíunnar sé að tæma birgðageyminn í sumar og gera hann klárann fyrir nýja eldsneytið. Rekstraraðili óskar eftir fresti fram yfir áramót til að skila inn nýjum mælingum á ryki í útblæstri.


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti. Eftirfarandi skilyrði gilda þó enn sbr. bréf stofnunarinnar frá 15. nóvember 2018:

1. Rekstraraðili sendi stofnuninni staðfestingu á því þegar olíunni hafi verið skipt út og upplýsingar um hvaða olía notuð verði í verksmiðjunni.
2. Rekstraraðili sendi stofnuninni tilkynningu um hvenær verksmiðjan verði sett í gang að nýju, áður en næsta vertíð hefst.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er 13.200 kr.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Austurlands